

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

34. Fundur verkefnahóps BsVest haldinn miðvikudaginn 13. nóvember 2013 klukkan 12:00 í Reykjanesi. Mættar voru: Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, María Játvarðsdóttir og Margrét Geirsdóttir. Sif Huld Albertsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Reglur vegna NPA.

Farið var yfir drög að reglum BsVest um NPA sem kynntar verða fyrir stjórn þann 22 nóvember 2013. Verkefnastjóri fór yfir efnisatriðin í drögunum og Verkefnahópurinn kom með athugasemdir og gerði breytingar. Opnar og góðar umræður mynduðust um reglurnar. Verkefnastjóra falið að vinna lokaútgáfu reglna og senda verkefnahóp til lokayfirlestrar. Berist ekki athugasemdir fyrir 21. nóvember n.k verða reglurnar sendar til umsagnar félagsmálanefnda og stjórnar BsVest.

2. Reglur vegna styrks vegna námskostnaðar, verkfæra og tækjakaupa.

Farið yfir reglur BsVest um styrk vegna námskostnaðar, verkfæra og tækjakaupa á grundvelli 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum með vísan til 32. fundar þann 18 september s.l. Samþykkt var að breyta 5. grein sem hér segir:

5. gr.

Auglýsing

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki samkvæmt reglum seinnihluta árs, umsóknarfrestur er 30 dagar frá því auglýsing birtist. Auglýsingin skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og um úthlutunarreglur. Auglýsa skal á vefjum sveitarfélaganna og landshlutablöðum.

Ekki kom fram tillaga um aðrar breytingar og verkefnastjóra falið að senda reglurnar til umfjöllunnar stjórnar BsVest og auglýsa styrki í framhaldi þess.

3. Önnur mál.

Spurningarkönnun

Spurningarkönnun til þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks vegna undirbúnings endurmats á faglegum og fjárhagslegum forsendum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem barst í tölvupósti 24 .10. 2013. Spurningarkönnunin er liður í að afla gagna hjá þjónustusvæðunum um ýmis atriði sem varða framkvæmd málaflokksins. Drög að spurningalistanum voru kynnt á fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði, í heimsókn á þjónustusvæði vegna gagnaöflunar í tengslum við endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks þann 10 júní s.l. á Ísafirði. Þar var markmiðið einkum að leiða í ljós hvort það fjármagn sem fluttist yfir til sveitarfélaganna dygði til þess að standa undir þeirri uppbyggingu sem stjórnvaldsaðgerðir kalla á, þar á meðal skv. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem Alþingi samþykkti í júní 2012. Skilin hjá okkur eru 25. nóvember n.k. og áætlað að skila skýrslu um mánaðarmótin janúar/febrúar 2014.

Spurningarkönnun var send öllum félagsþjónustusvæðum og verða svör þeirra dregin saman í eitt skjal fyrir BsVest.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Verkefnastjóri greindi frá því að samantektin væri langt á veg komin en óskaði eftir umræðu um nokkur álitamál. Rætt um álitamál og fengin niðurstaða gagnvart þeim og verkefnastjóra falið að ljúka samantekt og senda félagsþjónustusvæðum til lokayfirlestrar áður en hún verður send til sambandsins.

Stjórnunarkostnaður.

Verkefnastjóri tók til umræðu ramma stjórnunarkostnaðar innan félagsþjónustusvæðanna á grundvelli samþykktar fundar 26. febrúar s.l.. Nánari leiðbeiningar um stjórnunarkostnað verða sendar verkefnahóp.

Breyting á skiptingu fjármagns vegna ársins 2014.

Skiptiprósentu hefur ekki verið endurmetin síðan í mars 2012, miðað er við að hún sé endurskoðuð í byrjun árs ár hvert, þegar ljóst er hvert framlag jöfnunarsjóðs er fyrir árið.

Verkefnahópurinn lagði til að skoða þyrfti skiptiprósentu fyrir árið 2013 þar sem framlag jöfnunarsjóðs lá fyrir í lok október s.l.

Verkefnastjóri lagði til að skoðuð yrði ný skiptiprósentu vegna framlaga ársins 2014. Jöfnun á grundvelli stuðningsþarfar hefur nú 80% vægi og útsvars 20% vægi, sbr. ákvæði í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærsluna frá 23. nóvember 2010. Bæði var rætt um að skiptingin yrði þannig að 80% fjármagnsins yrði skipt niður eftir einstaklingum og 20% væru prósentuskript eftir þjónustuhörf á hverju svæði fyrir sig. Eða hafa sama háttinn á og verið hefur þar sem öllu framlaginu er skipt niður eftir þjónustuhörf.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:30.

Sif Huld Albertsdóttir